

**Ed.**

**223. Nefndarálit**

[55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frv. til lánsfjárlaga til athugunar. Það var sent til umsagnar fljótlega eftir þingbyrjun, en vinna í nefndinni ekki hafin fyrr en fimmtudaginn 10. des. s. l. Þá kom í ljós að ríkisstjórnin æskti afgreiðslu þess. Nefndin hélt síðan fundi á föstudagsmorgun og á laugardag. Veigamiklar tillögur komu fram frá fylgismönnum ríkisstjórnarinnar um ákvæði í frv. sem forráðamenn lífeyrissjóðanna töldu eignaupptöku og varða við stjórnarskrá. Nær allur tími nefndarinnar fór því í að ræða við fulltrúa lífeyrissjóðanna, en sáralítill tími hefur gefist til að kanna og ræða að öðru leyti svo veigamikil mál sem frv. til lánsfjárlaga er hverju sinni.

Nefndarálitinu fylgja bréf frá forráðamönnum lífeyrissjóðanna ásamt áformaðri breytingartillögu stjórnarliða. Á fylgiskjali I er bréf Sambands almennra lífeyrissjóða þar sem mótmælt er áformum um að 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði ráðstafað með lánsfjáráætlun svo sem tekið var fram í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Á fskj. II er bréf frá Verslunarráði Íslands þar sem mótmælt er lögboðinni ráðstöfun fjár lífeyrissjóða. Á fskj. III er ályktun frá Landssambandi lífeyrissjóða. Í því er mótmælt hækkun lögbindingar úr 40 í 45% af ráðstöfunarfé þeirra. Á fskj. IV er tillaga sem lögð var fram í fjárhags- og viðskiptanefnd samþykkt af þingflokki Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins svo og öðrum fylgismönnum ríkisstjórnarinnar að sögn formanns nefndarinnar. Á fskj. nr. V er svo bréf frá Sambandi almennra lífeyrissjóða þar sem fyrirhugaðri tillögu meiri hl. nefndarinnar er harðlega mótmælt. Og breytingartillaga frá Landsambandi lífeyrissjóða er á fskj. VII. Endanleg niðurstaða þessa eina máls, sem fékk góða efnislega meðferð í nefndinni, er tillaga sem birtist á þingskjali við 2. umr., en í þeirri tillögu er komið til móts við forráðamenn lífeyrissjóðanna.

Peir, sem komu á fundi nefndarinnar frá hálfu lífeyrissjóðanna, voru: Guðmundur H. Garðarsson, Bjarni Þórðarson, Pétur Blöndal, Hrafn Magnússon, Hermann Þorsteinsson og Benedikt Davíðsson.

#### **I. Nokkur aðalatriði frv. að lánsfjárlögum 1982 og forsendur þess:**

1. **Forsendur frv.** eru að 33% verðbreyting verði milli árana 1981 og 1982, en það þýðir 25—27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala“ fjárlagafrv. Frá því hún var ákveðin hefur orðið 4.25% meiri launahækkun flestra launþega en þá var reiknað með. Augljóst er að verðbólga umfram þessa forsendu hefur miklu meiri röskun í för með sér en gerist um fjárlög. Í lánsfjárlögum er kveðið á um ákveðna krónutölu til tiltekinna verkáfangna. Verði verðbólga umfram forsendur þarf því annað tveggja að koma til niðurskurður framkvæmda eða meiri lántaka. Seðlabanki Íslands segir í bréfi til nefndarinnar að verðbólguþing nú sé 50%, og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári.
2. **Innlend fjárfesting** er augljóslega í lausu lofti og stórlega ofmetin skv. frv. T. d. er ætlunin að selja spariskírteini á næsta ári fyrir 150 millj. kr., en salan í ár er 43 millj. kr. Úr lífeyrissjóðum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóða, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í ár var þessi fjárfesting 1. nóv. 227 millj. kr. Þá hafa engar upplýsingar komið fram um álagningu byggðalínugjalds sem afla átti 40 millj. kr.
3. **Erlend fjárfesting** er aukin um 176.7 millj. kr. frá frv., en hún var ærin fyrir þegar haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á árinu. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum 39% og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar.
4. **Algjör óvissa er um fjármögnun Framkvæmdasjóðs** á næsta ári í kjölfar þess, að hann skorti í ár helming þess fjármagns úr lífeyrissjóðum, sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir, eða 63 millj. kr. af 123. Þetta hefur í för með sér fyrirsjáanlegan fjárfestingarskort atvinnuvegasjóðanna, og áframhaldandi samdrátt í fjárfestingamyndun í atvinnulífinu.

5. **Fjármögnun húsnæðismálasjóðanna er vonlaus** skv. lánsfjáráætluninni. Þeim er ætlað að afla frá lífeyrissjóðakerfinu 297 millj. kr. á næsta ári, en höfðu fengið þaðan 110 millj. kr. á yfirstandandi ári hinn 1. nóv. s. l. Skyldusparnaðurinn er auk þess ofáætlaður ef marka má reynsluna í ár, en hún er sú að nær ekkert fæst nettó inn af skyldusparnaðarfé. Lausaskuld Byggingarsjóðsins við Sedlabankann um áramót verður 40 millj. kr. í fyrsta sinni í sögu húsnæðismálastjórnar, sem kemur til frádráttar því fé sem er til ráðstöfunar á næsta ári.
6. **Íbúðum byggðum á vegum einstaklinga hlýtur að fækka enn** á næsta ári fjórða árið í röð vegna fjárskorts sjóðsins, ef þessar ráðagerðir ná fram að ganga, en stjórn hans gerði ráð fyrir nálægt 50 millj. kr. meira ráðstöfunarfé skv. áætlun sinni en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Áætlun húsnæðismálastjórnar hefði tryggt 1175 frumlán til íbúðabygginga. Þessi lán voru 1883 árið 1978 og 1665 árið 1980. Ekki liggur fyrir hvernig stofnunin hyggst haga niðurskurði lána í samræmi við þetta.
7. **Fjölmargir lausir endar eru í áætluninni** um ýmsa opinbera fjármögnun, t. d. vegna Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Járnblendiverksmiðju, Skipaútgerðar ríkisins, svo nokkuð sé nefnt.
8. **Erlend lántaka til þess að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja og undirstöðuatvinnugreina** setur vægast sagt óyndislegan svip á þetta frv. til lánsfjárlaga og þá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar sem því fylgir.

Engar forsendur eru fyrir því að afgreiða lánsfjárfrumvarp með þeim annmörkum, sem hér hafa verið taldir. Frumvarpið til lánsfjárlaga og sú áætlun, sem því fylgir, einkennast af óraunsæi í innlendri fjáröflun, mikilli erlendri skuldasöfnun og mörgum óleystum vandamálum sem eru einfaldlega skilin eftir vitandi vits af hálfu stjórnarsinna. Með afgreiðslu frumvarpsins er því hvorki verið að marka stefnu, né taka ákvarðanir um hvernig staðið skuli að málum, heldur einungis verið að reyna að fullnægja misskildum sjálfsmetnaði. Þessari frumvarpsmynd er greinilega ekki ætlunin að framfylgja. Ber hún því sama bráðabirgðabragð og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur þessu frumvarpi eins og það hér birtist.

## II. Lánsfjáráætlun 1981:

Fjárhags- og viðskiptanefnd barst eftirfarandi greinargerð frá fjármálaráðuneytinu um framkvæmd lánsfjáráætlunar 1981 að því er varðar A- og B-hluta ríkissjóðs. Lánsfjárlög voru samþykkt á Alþingi seint s. l. vor og verður því að telja með miklum ólíkindum hversu miklar viðbætur og frávik eru frá lögunum að þessu leyti.

**Yfirlit um stöðu lánsfjáráætlunar frá endurlánum ríkisins.**

Lánsfjáráætlun 1981. Staða 20.11.81 (Þús. kr.)					
	Áætlun	Viðbætur	Alls	Staða 20.11.81	Mism.
<b>Fjáröflun:</b>					
1. Sala spariskírt. og happ- drættisbr. ....	90 000		90 000	32 679	57 321
2. Innheimtufé spariskírteina .... Annað innlent fjármagn:	90 000			90 000	
3. Frá innlánsstofnunum .....	52 000	165 977	715 937	53 913	
4. Frá lífeyrissjóðum .....	56 000			46 899	102 158
Frá Framkvæmdasjóði .....	20 100				
5. Erlent lánsfé .....	331 860			372 671	
Breytt reikningsst. við Seðlab. (bætt staða = -) .....				39 257	
	639 960	165 977	805 937	635 419	159 479
<b>Ráðstöfun:</b>					
A-hluti fjárlaga:					
Vegagerð .....	130 150	-	130 150	110 050	20 100
6. Lán til Járblendifél. ....	14 000	16 153	30 153	30 153	-
7. V. lána v. Kröfluvirkjunar ....	36 450	33 238	69 688	55 010	14 678
Aðrar A-hluta framkv. ....	47 590	-	47 590	37 020	10 570
<b>A-hluti samtals</b>	<b>228 190</b>	<b>49 391</b>	<b>277 581</b>	<b>232 233</b>	<b>45 348</b>
B-hluti fjárlaga:					
Byggðasjóður .....	31 500	-	31 500	-	31 500
Landakaup kaupst. og kaupst. . .	3 000	-	3 000	-	3 000
Lánasj. ísl. námsmanna .....	33 000	-	33 000	33 000	-
Ríkisútvarpið .....	4 000	-	4 000	3 500	500
8. Lagmetisiðjan Siglósið .....	1 000	2 400	3 400	3 400	-
Skipaútgerð ríkisins .....	24 000	-	24 000	12 300	11 700
Rarik, alm. framkv. ....	83 080	-	83 080	82 680	400
9.   " Byggðalínur .....	52 100	15 480	67 580	67 590	- 10
10.  " Kröfluvirkjun .....	33 640	3 000	36 640	36 300	340
11.  „ stofnkostn. virkjana ....	-	37 400	37 400	37 400	-
12. Byggingarsj. Listasafns Íslands	-	4 000	4 000	4 000	-
13. Sjóefnavinnsla .....	-	4 000	4 000	-	4 000
Jarðvarmav. ríkisins .....	8 000	-	8 000	8 000	-
Virkjunarrannsóknir .....	8 000	-	8 000	-	8 000
Grænfóðurverksmiðjur .....	2 700	-	2 700	-	2 700

	Áætlun	Viðbætur	Alls	Staða 20.11.81	Mism.
14. Orkusj. v. byggðalína .....	38 400	35 706	74 106	41 050	33 056
" v. hitaveitulána .....	7 500	–	7 500	7 500	–
" v. jarðhitaleitar .....	11 000	–	11 000	10 500	500
Landssmiðjan .....	3 000	–	3 000	3 000	–
Póstur og sími .....	8 000	–	8 000	(8 000)	–
B-hluti samtals	351 920	101 986	453 906	350 220	95 686
A- og B-hluti samtals	580 110	151 377	731 487	582 453	141 034
Fyrirtæki m. eignaraðild ríkissj.:					
15. Orkubú Vestfjarða .....	27 200	5 600	32 800	32 800	–
16. Kísiliðjan .....	2 000	3 000	5 000	1 905	3 095
Samtals	29 200	8 600	37 800	34 705	3 095
Bæjar- og sveitarfélög:					
17. Hitaveita Hóla .....	800	633	1 433	800	633
Hitaveita Hellu .....	2 400	–	2 400	–	2 400
18. Hitaveita Seyðisfjarðar .....	2 600	1 600	4 200	4 200	–
Hitaveita, Höfn, Hornafirði ..	–	1 500	1 500	1 500	–
Hitaveita Siglufjarðar .....	1 400	–	1 400	–	1 400
Hitaveita Suðureyrar .....	250	250	500	500	–
Hitaveita Blönduóss .....	700	–	700	700	–
Hitaveita Egilsstaða .....	2 500	–	2 500	–	2 500
Annað .....	5 000	–	5 000	1 100	3 900
Bæjarsjóður Vestmannaeyja ..	5 200	–	5 200	2 500	2 700
19. Ýmislegt .....	9 800	1 850	11 650	10 000	1 650
Samtals	30 650	6 000	36 650	21 300	15 350
Kostnaður .....	–	–	–	– 3 099	–
Alls	639 960	165 977	805 937	635 419	159 479

### 1. Yfirlit yfir lánsfjáráætlun 1981 20. nóvember.

Ríkisábyrgðarsjóður, sem annast endurlán ríkissjóðs, hefur tekið saman það yfirlit um stöðu lánsfjáráætlunar er hér fylgir. Eins og fram kemur á því yfirliti er um að ræða A- og B-hluta fjárlaga auk fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, svo og sveitarfélög sem endurlán ríkissjóðs annast lántökur fyrir.

1.1 Niðurstöðutala áætlunar er 639 960 000 kr. og útskýrist þannig (tölur í þús. kr.):

1. Lánsfjáráætlun 1981 A- og B-hluti .....	626 940
2. Járnblendifélag .....	+ 14 000
3. Kísiliðja .....	+ 2 000
4. Orkubú Vestfjarða .....	+ 27 200
5. Áburðarverksmiðja ríkisins .....	– 35 000

6. Póstur og sími .....	-	4 600
7. Ýmis sveitarfélög .....	+	30 650
8. A-hluti Tryggingastofnunar .....	-	30 000
9. Hækkun v/hafnargerða og skipasmiðja .....	+	770
10. Hækkun á vegagerð .....	+	8 000

Samtals áætlun sem unnið er með 639 960

1. Sjá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, bls. 9.
2. Fært undir liðnum fyrirtæki með eignaraðild ríkisins í lánsfjáráætlun 1981.
3. Sbr. 6. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1981, lög nr. 13 frá 28. 04. 81.
4. Talan skiptist þannig að 15 000 þús. kr. eru ætlaðar til raforkuframkvæmda og 12 200 þús. kr. til fjarvarmaveitna. Í lánsfjáráætlun færð undir liðinn „fyrirtæki með eignaraðild ríkisins“.
5. Gert var ráð fyrir þessari lántöku undir B-hluta lið lánsfjáráætlunar, en Áburðarverk-smiðjan annast sjálf þessa lántöku. Því er hún tekin út úr þessu yfirliti.
6. Lántökur Pósts og síma skv. lánsfjáráætlun áttu að vera 4 600 þús. kr. í vörukaupalán og 8 000 þús. kr. í framkvæmdir á Austurlandi. Síðar var ákveðið að 4 600 þús. kr. vegna vörukaupa færu ekki gegnum endurlán ríkissjóðs. Sá hluti er því tekinn hér út. Líkur eru á að svo verði einnig um framangreindar 8 000 þús. kr. til framkvæmda á Austurlandi.
7. Í lánsfjáráætlun, liður 3 sveitarfélög eru lántökur vegna hitaveitna áætlaðar 188 300 þús. kr. Skv. 7. og 8. gr. lánsfjárlaga hækkar þessi liður í 213 900 þús. kr. Af þessu eru svokallaðar „stórar hitaveitur“, sem annast lántökur sínar sjálfar, með 183 250 þús. kr. Mismunurinn, 30 650 þús. kr., kemur til viðbótar hjá endurlánum ríkissjóðs.
8. Breyting á lausaskuldum ríkissjóðs við Tryggingastofnun sem ekki fara um endurlán ríkissjóðs.
9. Samkvæmt ákvörðun Alþingis.
10. Samkvæmt ákvörðun Alþingis.

1.2. Um einstaka liði í yfirliti endurlána ríkissjóðs.

#### Fjáröflun:

1. Sala spariskírteina og happdrættisbréfa hefur ekki gengið vel. Af þeim 90 000 þús. kr., sem áætlað var að selja fyrir, er einungis búið að selja bréf að upphæð 32 679 þús. kr. Vöntun er tilfinnanleg eða 57 321 þús. kr. Væntanlega má rekja minnkandi áhuga á spariskírteinum og happdrættisbréfum til nýrra verðtryggðra sparnaðarforma sem bjóða upp á minni bindingu. Virðist sem það atriði vegi þyngra en þau góðu kjör sem boðin eru á spariskírteinum.
2. Innheimtufé spariskírteina. Eins og yfirlitið ber með sér hefur áætlun verið náð. Hugsanlegt er að þessi liður fari í 110 000 þús. kr., en á því verður að hafa allan fyrirvara.
3. Líkur eru á að fé frá innlánsstofnunum hækki um 6 000 þús. kr.
4. Um fjármagn frá lífeyrissjóðunum almennt er fjallað sérstaklega á öðrum stað í þessari skýrslu, en sá hluti, sem hér er til umfjöllunar, þ. e. þeir sjóðir sem kaupa af endurlánum ríkissjóðs, en þar er aðallega um að ræða „opinberu sjóðina“ ásamt Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, hafa staðið það vel við sínar kaupskyldur að kaup á árinu gætu hækkað um liðlega 5 000 þús. kr. Minnt er þó á að skv. lánsfjáráætlun áttu þessi kaup að nema 60 000 þús. kr. sem síðan voru lækkuð í 56 000 í meðförum framkvæmdavaldsins.
5. Með hliðsjón af þeirri vöntun, sem fram kemur á ýmsum liðum innlendrar fjáröflunar, hefur orðið að auka erlendar lántökur og eru þær nú þegar komnar í 372 671 þús. kr. í stað 331 860 þús. kr.

**Ráðstöfun:**

6. Járblendifélag. Skv. heimildum í 6. tölulið 3. gr. laga um Járblendiverksmiðju í Hvalfirði þurfti ríkissjóður að standa skil á 55% af hluthafaláni eða samtals 30 153 þús. kr. Af þessari upphæð voru 14 000 þús. kr. inni á lánsfjárlögum, en eigi varð ljóst fyrr en í lok september að greiða þyrfti hluthafalánið að fullu á þessu ári og eru 16 153 þús. kr. sú upphæð sem á vantaði.
7. Kröfluvirkjun: Vísað er til athugasemda við 26. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.
8. Siglósiöld: Vísað er til athugasemda við 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982, þ. e. 8. málsgrein.
9. Byggðalínur: Sjá athugasemdir við 26. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
10. Kröfluvirkjun: Vísað er til 3. málsgreinar í athugasemdum um 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
11. Stofnkostnaður virkjana, viðbót að upphæð 37 400 þús. kr. Þessi lántaka á rætur að rekja til nýsettra laga um raforkuver.
12. Byggingarsjóður Listasafns Íslands: Vísað er til 7. málsgreinar í athugasemdum um 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
13. Sjóefnavinnsla: Vísað er til nýsettra laga um sjóefnavinnslu.
14. Orkusjóður v/byggðalína: Vísað er til 26. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir 1982.
15. Orkubú Vestfjarða: Vísað er til 4. mgr. 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
16. Kísiliðja: Vísað er til bréfs ráðuneytisins til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis frá desember 1981.
17. Hitaveita Hóla: Lán þetta kemur til lækkunar á liðnum „annað“ á lánsfjáráætlun 1981.
18. Hitaveita Seyðisfjarðar og Hafnar í Hornafirði: Viðbót er samtals 3 100 þús. kr. Um er að ræða lántöku sem var áætluð 1980 vegna fjarvarmaveitna sem RARIK sá um að reisa.
19. Ýmislegt: Vísað er til athugasemda í 6. mgr. 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982, en umframgreiðslur á þessum lið stafa af því, að breyting á lánskjörum ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna var ekki þar í jafnríkum mæli og áætlað hafði verið.

**2. Yfirlit yfir sölu verðtryggðra skuldabréfa fjárfestingarlánasjóða og endurlána ríkissjóðs til lífeyrissjóða.**

2.1.

M.kr.	Lánsfjár- áætlun	Janúar- nóvember	Frávik
Framkvæmdasjóður .....	123	56	- 67
Byggingarsjóður ríkisins .....	153	105	- 48
Byggingarsjóður verkamanna .....	14	5	- 9
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	6	9	+ 3
Iðnlánasjóður .....	-	-	
Veðdeild Iðnaðarbankans .....	0	24	+ 24
Verslunarlánasjóður .....	0	21	+ 21
Stofnlánadeild samvinnufélaga .....	0	12	+ 12
Samtals fjárfestingarlánasj. ....	296	232	- 64
Endurlán ríkissjóðs .....	60	52	- 8
Samtals	356	284	- 72

Sérstök athygli er vakin á því að þó að þetta yfirlit sýni vöntun upp á 72 millj. kr., þá er vöntun hjá þeim sjóðum, sem Alþingi með samþykkt lánsfjárlaga gerði ráð fyrir að fengju fé frá lífeyrissjóðunum, mun meiri eða 129 millj. kr. Þetta stafar af því, að fjárfestingarlánasjóðir, sem ekki áttu að fá fé beint frá lífeyrissjóðunum, hafa selt þeim skuldabréf fyrir andvirði 57 millj. kr. og stundum með betri kjörum en Byggingarsjóður ríkisins, Framkvæmdasjóður og ríkissjóður hafa treyst sér til að bjóða. Eiga hér hlut að máli sjóðir, sem ríkissjóður á stjórnaraðild að.

Þá fer hér á eftir bréf frá Framkvæmdasjóði um framkvæmd lánsfjárlaga og lánsfjár-áætlunar 1981:

Reykjavík, 1. desember 1981

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
efri deildar Alþingis,  
Alþingi.

Vegna bréfs fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis, dags. 25. nóvember s. l., varðandi áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands 1982 og framkvæmd áætlunar um fjáröflun og útlán ársins 1981 skal eftirfarandi tekið fram:

- 1) Áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1982 fylgir hér með. Áætlunin var samþykkt af stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 22. september s. l. og var hún um 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.

Niðurstöðutala áætlunar Framkvæmdasjóðs er 434 millj. kr. þegar með hafa verið teknir tveir liðir samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar. Annars vegar er fyrirhuguð lánveiting til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 20 millj. kr. Er þetta sams konar lánveiting og á yfirstandandi ári, 17 millj. kr., og 30 millj. kr. 1980, með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lánsfjárlögum. Hins vegar er um að ræða lán til bættis aðbúnaðar á vinnustöðum, 10 millj. kr., en fjárútleigun í þessu skyni byggist á bráðabirgðaákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Áætlunin er að veita fyrirtækjum lán til endurbóta á vinnuáðstöðu starfsfólks og til aukins öryggis á vinnustöðum, en ákveðið mun síðar hver annast muni hinar einstöku lánveitingar, en um umsóknir mun fjallað af Vinnueftirliti ríkisins.

- 2) Framkvæmd fjáröflunarþáttar útlánaáætlunar Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1981 hefur reynst mjög erfið og einn veigamikill þáttur hefur brugðist verulega, en það eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða. Af áætlunum kaupum sjóðanna af Framkvæmdasjóði, 123 millj. kr., er útlit fyrir að einungis um 60 millj. kr. muni fást á árinu og mun því vanta um 63 millj. kr. á fjáröflun samkvæmt lánsfjáráætlun. Um mál þetta er nánar fjallað í orðsendingu til fjármálaráðherra, dags. 20. nóvember s. l. Eftir viðræður við fjármálaráðherra um lausn þessa máls er niðurstaða þessi:

- a) Framkvæmdasjóður taki erlent lán að jafnvirði 25 millj. kr. Er það lágmarksfjárhæð til lausnar máli þessu.
- b) Framkvæmdasjóður dragi nokkuð úr fyrirhuguðum lánum til stofnlánasjóða með samþykki viðkomandi sjóða.
- c) Skuldabréfakaup banka af Framkvæmdasjóði verði aukin til hins ýtrasta í desembermánuði.
- d) Sjóðstaða Framkvæmdasjóðs um áramót verði í lágmarki.

Með framangreindum hætti á að reynast mögulegt að ljúka afgreiðslu útlánaáætlunar yfirstandandi árs án teljandi vandkvæða fyrir þá, sem féð er ætlað.

Virðingarfyllt,  
FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS  
Sverrir Hermannsson, Guðmundur B. Ólafsson.



### III. Innland lánsfjáröflun 1982.

Innland fjáröflun skiptist fyrst og fræmst í þrjá meginþætti skv. lánsfjáráætlun: 1) úr lífeyrissjóðum, 2) úr bankakerfi, 3) með spariskírteinasölu ríkissjóðs, og raunar er í fjórða lagi gert ráð fyrir álagningu byggðalínugjalds, en engar upplýsingar liggja fyrir um það nú.

#### 1. Lífeyrissjóðir:

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er áætlað 1 180 millj. kr. á næsta ári. Fallið var frá því að lögbinda 45% ráðstöfun þess. Aftur á móti er gert ráð fyrir að 40% af þessu fjármagni verði verðtryggt með kaupum úr Framkvæmdasjóði, húsnæðismálasjóðunum, öðrum fjárfestingarlánasjóðum og ríkissjóði, þ. e. a. s. 472 millj. kr.

Fyrir 1980 voru tveir fyrrgreindu aðilarnir einir um hituna á þessum fjármagnsmarkaði. Í fyrra áformaði ríkissjóður að lífeyrissjóðirnir keyptu af honum bréf fyrir 60 millj. kr. Í reynd urðu þetta aðeins 11.8 millj. kr. Á þessu ári hefur á hinn bóginn ríkissjóður náð því fé úr lífeyrissjóðum sem hann gerði ráð fyrir, á sama tíma sem yfir 100 millj. kr. skortir á mark lánsfjárlaga hjá Framkvæmdasjóði og Bygðasjóði ríkisins. Á næsta ári er svo ætlunin skv. lánsfjáráætlun að Byggingarsjóður verkamanna bætist í hópinn á þessum lánamarkaði og afli 111 millj. kr., en hann hefur lítið látið að sér kveða fram til þessa.

Ráðgert er að aflá fjár úr lífeyrissjóðum, sem hér segir:

	1982 m.kr.	1981 (jan.—nóv.) í reynd	Hækkun m.kr.	%
Framkvæmdasjóður .....	110	56	54	
Byggingarsj. ríkisins .....	187	105	82	
Byggingarsj. verkamanna .....	111	5	106	
Stofnlánad. landb. ....	9	9	0	
Ríkissjóður .....	55	52	3	
	472	227	245	108%

Þetta er örugglega óraunsað, svo ekki sé meira sagt.

Allt fram til þess að fleiri opinberir aðilar en Byggingarsjóður ríkisins og Framkvæmdasjóður tóku að keppa á þessum lánsfjármarkaði stóðust áætlanir merkilega vel svo sem neðangreind tafla sýnir:

Lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs.

M.kr.	1976		1977		1978		1979		1980	
	Lánsfjár- áætlun	Reynd	Lánsfjár- áætlun	Reynd	Lánsfjár- áætlun	Reynd	Lánsfjár- áætlun	Reynd	Lánsfjár- áætlun	Reynd
Framkvæmdasjóður .....	14,4	7,4	15,4	12,9	46,0	30,7	57,5	52,8	77,0	71,2
Byggingarsjóður ríkisins .....	5,6	9,7	11,3	9,8	5,0	15,6	27,6	40,9	73,0	80,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins ..	0,7	1,5	2,1	3,1	3,5	4,4	2,5	7,4	4,6	9,5
Veðdeild Búnaðarbankans .....	0,5	0,6	0,7	1,0	-	-	-	-	-	-
Iðnlánasjóður .....	-	-	-	-	-	2,5	-	3,5	-	4,5
Veðdeild Iðnaðarbanka .....	0,4	0,3	0,5	0,8	1,0	1,0	1,0	2,3	-	7,8
Verslunarlánasjóður .....	0,9	1,0	1,4	1,6	2,0	3,6	3,0	7,4	-	13,4
Stofnlánadeild samvinnufélaga ..	0,2	0,1	0,1	1,7	0,9	4,9	2,1	9,4	-	11,0
<b>Samtals</b>	<b>22,7</b>	<b>20,6</b>	<b>31,5</b>	<b>30,9</b>	<b>58,4</b>	<b>62,7</b>	<b>93,7</b>	<b>123,7</b>	<b>154,6</b>	<b>197,4</b>
<b>Endurlán ríkissjóðs</b> .....	-	-	-	-	-	-	-	-	<b>60,0</b>	<b>11,8</b>
<b>Alts</b>	<b>22,7</b>	<b>20,6</b>	<b>31,5</b>	<b>30,9</b>	<b>58,4</b>	<b>62,7</b>	<b>93,7</b>	<b>123,7</b>	<b>214,6</b>	<b>209,2</b>

## 2. Bankakerfið:

Á fundi fjárhags- og viðskiptanefnda komu bankastjórar viðskiptabanka, sparisjóða og fulltrúar Seðlabanka. Þeir voru sammála um að bankakerfið hefði „siglt kjörleiði“ fyrstu mánuði ársins, en síðar inn í þöku og úr því greindi menn á hvort það væri enn inni í þökunni eða að sigla í strand.

Úr bankakerfinu hefur verið aflað með samkomulagi 7% af innlánsaukningu til þess að fjármagna lánsfjáráætlun, þ. e. a. s. 4% hafa runnið til Framkvæmdasjóðs og 3% til ríkissjóðs í formi skuldabréfakaupa. Ekki virðist ástæða til að ætla að í bankakerfinu verði gott til fanga í þessu efni. Hér á eftir fer lýsing Seðlabanka Íslands á þróun peningamála undanfarið:

### Útlán:

Svo nefndar séu tölur um aukningu heildarútlána, þá var hún um 58% á árinu 1980, 53% á tólf mánuðum til marsloka, en 72% á tólf mánuðum til loka októbermánaðar. Líklega stafar þessi breyting að verulegu leyti af því, hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum. En eftir mitt ár jókst almenn lánsfjáreftirspurn, að líkindum einnig vegna ótta við væntanlegar gengisbreytingar og verðlagshækkunar. Raunvextir hafa verið of lágir til að viðhalda jafnvægi á peningamarkaði, enda eru nú horfur á að verðbólguþig sé nálægt 50%, en fyrir 3 mánuðum var það metið 40,2%.

Þótt þannig megi skýra stórauðna lánsfjáreftirspurn er ekki að sama skapi ljóst hvers vegna innlánsstofnanir hafa látið undan þessum þrýstingi. Útlánaaukningin hefur tvímæla laust verið meiri en efni stóðu til, eins og lausafjárstaðan, og þá einkum yfirdráttur á viðskiptareikninga, sýnir. E. t. v. stafar þetta af því, að útlánaþróun er að einhverju leyti þvinguð af ytri aðstæðum, ekki síst þar sem verðtrygging lána hefur færst í vöxt. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild verðtryggðra lána og annarra skuldabréfa í heildarútlánunum.

Tafla 2.

### Hlutfallsleg skipting útlána.

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
<b>Bankar og sparisjóðir</b>			
Verðtryggð lán .....	–	5.4	16.6
Önnur skuldabréf .....	32.7	32.2	27.8
Önnur lán .....	67.3	62.4	55.6
Samtals	100,0	100,0	100,0
<b>Viðskiptabankar</b>			
Verðtryggð lán .....	–	4.4	14.6
Önnur skuldabréf .....	30.3	29.7	26.1
Önnur lán .....	69.7	65.9	59.3
Samtals	100.0	100.0	100.0
<b>Sparisjóðir</b>			
Verðtryggð lán .....	–	13.4	30.9
Önnur skuldabréf .....	51.8	51.9	40.5
Önnur lán .....	48.2	34.7	28.6
Samtals	100.0	100.0	100.0

Vegna vaxtabreytinga hefur hlutdeild skuldabréfalána aukist verulega á síðustu tveimur árum, t. d. úr 33 í 44% hjá viðskiptabönkum og úr 52% í 71% hjá sparisjóðum, eins og taflan sýnir. Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita verðtryggð lán til samræmis við aukningu verðtryggðra innlána. Við slíka endurskipulagningu útlána er eðlilegt að lausafjárstaða versni um sinn, þar sem lánstími þessara lána er lengri en annarra og endurgreiðslur falla með meiri þunga á síðari hluta lánstímans en hinn fyrri. Vegna verðtryggingar og geymslu verðbótapáttar skuldabréfalána á sér stað sjálfvirk hækkun útlána án þess að um nýjar lánveitingar sé að ræða. Á 12 mánuðum til októberloka má ætla að útlán banka og sparisjóða hafi hækkað um 500 millj. kr. af þessum ástæðum, en það er rúmur fimmtungur þeirrar 2331 millj. kr. aukningar heildarútlána sem varð á tímabilinu. Sambærileg tala fyrir næsta 12 mánaða tímabil á undan var um 200 millj. kr. af 1196 millj. kr. aukningu heildarútlána eða tæp 17%. Líklegt er að innlánsstofnanir hafi verið illa búnar undir svo öra breytingu sem orðið hefur í þessum efnum, en þó er rétt að hafa í huga að sjálfvirk hækkun lána hefur að einhverju leyti komið í stað nýrra lána sem lánþegar hefðu sótt um.

**Tafla 3.**

Í millj. kr.	Verðtryggð innlán		Verðtryggð útlán	
	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981
Viðskiptabankar .....	667	+640	717	+529
Sparisjóðir .....	132	+123	206	+140
Samtals	799	+763	923	+669

Að óbreyttri þróun stefnir nú í um 75% aukningu almennra útlána innlánsstofnana (þaklána). Aukning heildarútlána stefnir þó ekki svo hátt, heldur í um 68%, þar sem aukning endurseldra lána hefur verið mun minni en almennra lána. Meðfylgjandi áætlun sýnir lægri tölur, enda er nú áformað að draga úr útlánaaukningu til áramóta, sbr. fréttatilkynningu Seðlabankans nr. 42/1981.

**Innlán:**

Aukning heildarinnlána með áföllnum vöxtum, skoðuð á hverju tólf mánaða tímabili, hefur verið yfir 70% á þessu ári, og náði hæst 78% í lok ágústmánaðar. Næstu tvo mánuði dró heldur úr aukningunni og til októberloka nam hún um 73%. Á síðustu mánuðum fyrra árs jukust innlán mjög mikið, m. a. vegna mikilla gjaldeyriskaupa bankanna, og er vart við því að búast, að hliðstæð aukning verði nú. Yfir árið í heild má þó reikna með að heildarinnlán aukist um nálægt 70%.

**Tafla 4.**

**Hlutfallsskipting innlána innlánsstofnana.**  
(Einstök innlánsform með áætluðum vöxtum).

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Verðtryggð innlán .....	—	0.6	13.3
Önnur bundin innlán .....	34.8	34.7	19.8
Almenn spariinnlán .....	44.7	45.0	48.0
Veltiinnlán .....	20.5	19.7	18.9
	100.0	100.0	100.0

Innlánaaukning hefur verið svipuð í öllum þrem flokkunum, þ. e. bundnum spariinnlánum, almennum spariinnlánum og veltiinnlánum. Þó varð nokkur aukning almennra innlána á kostnað bundinna á miðju ári þegar afnumin var binding gamalla sparibóka (6 mánaða, 12 mánaða og 10 ára). Innan bundinna innlána hefur orðið veruleg tilfærsla eftir að binditími verðtryggðra innlána styttest í 6 mánuði. Eru verðtryggð innlán nú orðin rúm 13% heildarinnlána, en hlutdeild annarra bundinna innlána hefur lækkað í 20% heildarinnlána í októberlok 1981 úr 35% ári fyrr.

#### Endurkaup:

Nokkuð hefur dregið úr aukningu endurkaupa á þessu ári. Árið 1980 jukust þau um 69%, en á tólf mánuðum til októberloka nam aukningin 53,7%. Mestu munar um birgðalækkun landbúnaðarafurða. Líklega mun enn draga úr aukningu endurkaupa til áramóta og er reiknað með að aukningin á árinu verði um 44%.

**Tafla 5.**  
**Endurkaup Seðlabanka.**

	Staða í m.kr. 31/10 1981	Hreyfingar á 12 mánuðum í m.kr. (% í sviga)		
		til 31/10 1980	til 31/10 1981	til 31/10 1981 (Áætlun)
Landbúnaður .....	302	93 (63.3)	62 (25.8)	110 (35.6)
Sjávarútvegur .....	771	171 (60.0)	315 (69.1)	225 (45.9)
Iðnaður .....	188	45 (88.2)	92 (95.8)	95 (90.5)
Annað .....	1	26	-28	-20
	1262	335 (68.9)	441 (53.7)	440 (44.4)

#### Önnur lán Seðlabanka:

Það sem af er árinu hefur framvinda ríkisfjármála vakið vonir um að það takist að ná markmiði fjárlaga um greiðsluafgang ríkissjóðs og lækkun skulda hans við Seðlabankann. Á hinn bóginn hefur komið fram mikil fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og sjóða. Ekki er fullljóst hvernig sá vandi verður leystur, en unnið er að athugun í því máli. Enn fremur hefur verið farið fram á mjög mikla fyrirgreiðslu Seðlabankans vegna fjárhagsvanda atvinnuveganna, og hefur sú fyrirgreiðsla ýmist verið veitt eða er til afgreiðslu á næstunni og mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á ástandið í peningamálum.

Í meðfylgjandi peningamálaáætlun hefur verið miðað við að erlendar lántökur árið 1981 aukist um 150 millj. kr. (og gjaldeyrisstaða batni um sömu fjárhæð) frá því sem áætlað hafði verið. Að auki er nú reiknað með auknu ústreymi frá Seðlabanka v/Verðjöfnunar-sjóðs (12 millj. kr.), Byggingarsjóðs ríkisins (40 millj. kr.) og Bygðasjóðs (40 millj. kr. v/frystihúsa).

16. desember 1981

#### 3) Spariskírteinasala:

Gert er ráð fyrir sölu á spariskírteinum ríkissjóðs í ár sem næmi 90 millj. kr., en um  $\frac{1}{3}$  hefur selst. Samt sem áður er í lánsfjáráætlun gengið út frá því að afla fjár 1982 með spariskírteinasölu. Óþarft er að fjölyrða um slíka áætlunargerð, en ástæðan til dræmrar sölu þessara skírteina eru m. a. verðtryggðir 6 mánaða innlánsreikningar bankanna, sem komu til á s. l. ári.

Hér fer á eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þennan fjáröflunarpátt:

### Áætlanir um sölu spariskírteina og skuldabréfakaup lífeyrissjóða á árinu 1982.

#### Sala spariskírteina.

Fram að yfirstandandi ári var unnt að áætla sölu spariskírteina með nokkurri nákvæmni, enda var eftirspurn lengst af mun meiri en talið var rétt að anna með bréfaútgáfu. Þetta hefur breyst mjög, annars vegar við kaupskyldu lífeyrissjóða á sérstökum bréfum, og kaupa þeir þá frekar þau bréf, og hins vegar með opnun verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum.

Á þessu ári var áformað að selja skírteini fyrir 90 m.kr., en aðeins hefur verið selt fyrir 38 m.kr., auk 5 m.kr. happdrættisbréfa, alls 43 m.kr., og ekki horfur á verulegum fjörkipp fyrir áramót. Þetta gerist þrátt fyrir innlausn eldri bréfa um 60 m.kr., en upplýst er, að mjög lítið var tekið af nýjum bréfum í stað eldri við innlausn.

Frumáætlun Seðlabanka var, að á árinu 1982 gætu selst spariskírteini fyrir 120 m.kr. Hins vegar mun innlausn væntanlega nema sömu fjárhæð. Með hliðsjón af því, svo og væntanlegu hertu söluátaki, hneigðist fjármálaráðuneytið til þess að áætla 150 m.kr. sölu. Síðan hefur komið í ljós mun óhagstæðari reynsla en áður var gert ráð fyrir, svo sem að framan greinir. Er nú til nánari athugunar, hvernig unnt muni að örva sölu spariskírteina að mun, svo að komist verði nærri settu marki.

#### IV. Erlend lánsfjáröflun:

Erlendar lántökur hafa verið ískyggilega miklar undanfarin ár. Auðvitað hafa erlend lán verið tekin að hluta til framkvæmda sem skila arði. Þjóðarbúið er því betur í stakk búið til þess að mæta aukinni greiðslubyrði af þeim. Þetta getur verið og er oftast réttlætandi, en því miður sýna dæmin síðustu ár, að þessu er oft ekki þannig varið. Nú eru tekin erlend lán til þess að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og skv. breytingartillögum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar við þetta frv. er bætt við lánsfjáráætlun 50 milljóna króna erlendu láni til handa Bygðasjóði til þess að veita hallærslán til undirstöðuframléiðslugreinar þjóðar- búisins, sjávarútvegs, og svo er einnig um iðnað. Erlend lántaka til opinberra þarfa hefur einnig verið með ýmsu marki brennd. En hún hefur þrefaldast að raungildi til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja undanfarin ár eða síðan 1979. Erlend lán eru t. d. tekin til að framlengja erlend lán og borga afborganir og vexti vegna ýmissa framkvæmda í landinu; bygðalína, Kröfluvirkjunar og jafnvel fyrirtækja Landsvirkjunar, Hitaveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu Reykjavíkur o. s. frv.

Nú er búist við stórfelldum samdrætti á næsta ári í stóriðju, stórvirkjunum og hitaveitu- framkvæmdum, en samt verður erlend lántaka mikil, og í árslok verður greiðslubyrði meiri eða 18% af útflutningstekjum og skuldastaðan verri — 39% þjóðarframléiðslu að mati Seðlabankans — heldur en nokkru sinni fyrir í sögunni. Samsvarandi tölur 1977 voru 13.7% og 31.6%.

Staða erlendra lána hefur verið og er áætluð þannig í lok viðkomandi ára, greiðslubyrði af útflutningstekjum og skuldastaða í % af þjóðarframléiðslu eru einnig sýnd (uppl. Seðla- banka Íslands):

	Staða í m.kr.	Í árslok í m\$	Greiðslubyrði % af útfl.tekjum	Skuldastaða % þjóðarframl.
1977 .....	1 343	632	13.7%	31.6%
1978 .....	2 361	743	13.1%	33.8%
1979 .....	3 313	849	12.8%	34.6%
1980 .....	5 917	950	14.1%	35.2%
1981 .....	7 500	1 152	16—17%	37%
1982 .....	10 600	1 320	18%	39%

(skv. lánsfjáráætlun)

Frá 1968 hafa löng erlend lán nær tvöfaldast í Bandaríkjadollurum skv. þessari töflu, eða hækkað um 78% tæp á aðeins fjórum árum miðað við áform um lántöku í lánsfjáráætlun 1982, og eru þó ekki kurl komin til grafar þegar þessar upplýsingar lágu fyrir.

Um erlendar lántökur Íslendinga sagði Jóhannes Nordal í grein í Fjármálatíðindum 1980, en þá var skuldabyrðin 35% af þjóðarframleiðslu:

„Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg, hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu ef á móti blæs í efnahagsmálum eða ef skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsörkuðum.“

Hafi þessi varnaðarorð verið gild á þessum tíma, þá eru þau það svo sannarlega tæpum tveimur árum síðar, sbr. framangreinda þróun, samdrátt í stóriðjuframkvæmdum og orkuframkvæmdum og vegna þeirrar óvissu sem er fram undan innanlands og utan í efnahagsmálum. Þjóðhagsstofnun endurmat fyrir skömmu þjóðhagsáætlun og gerði spá um útflutningsframleiðslu 1982 og horfurnar í utanríkisviðskiptum. Viðskiptajöfnuður var jákvæður 1978 um 7 170 gamlar milljónir á þágildandi verðlagi, en snarversnaði á árunum 1979 og 1980. Þá var hann óhagstæður um 38.3 milljarða gamalla króna bæði árin. Útlit var fyrir nokkurn bata á yfirstandandi ári vegna samdráttar í stórframkvæmdum, mikils afla og útflutnings, en nú eru horfur taldar verri af ýmsum orsökum.

Þær miklu erlendu lántökur, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, eru sérstaklega ískyggilegar vegna þess, hversu illa horfir um sinn um okkar útflutningsframleiðslu og viðskiptajöfnuð. Hér fer á eftir orðrétt skýrsla Þjóðhagsstofnunar, sem send var fjárhags- og viðskiptanefnd, dagsett 9. des. 1981, spá um útflutningsframleiðslu 1982.

#### **Spá um útflutningsframleiðslu 1982.**

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 er sett fram spá um rúmlega 4% aukningu útflutningsframleiðslu á árinu 1982. Í þessari spá var miðað við nokkurn veginn óbreyttan afla frá þessu ári, en um 2% aukningu á framleiðsluverðmæti sjávarafurða á föstu verðlagi. Enn fremur var gert ráð fyrir, að álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan gætu starfað með fullum afköstum á árinu, en markaðsástand var þó talið ótryggt. Á þessum forsendum var talið að útflutningsframleiðslan í heild gæti aukist um rúmlega 4% og útflutningur um rúmlega 3%.

Frá því þessi spá var gerð hafa horfur versnað að því er varðar ál- og kísiljárnmarkað, og einnig ríkir nú mikil óvissa um framhald loðnuveiða á næstu árum. Nú er útlit fyrir að framleiðslan á kísiljárninu á næsta ári verði einungis um 44 þúsund tonn, en afkastageta er 55 þúsund tonn. Ástæða þessa samdráttar er minnkandi notkun á kísiljárninu í heiminum vegna almenns efnahagssamdráttar. Í spám alþjóðastofnana um mitt ár var talið, að hagvöxtur í heiminum færi að glæðast á ný seint á þessu ári eða í byrjun næsta árs. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Nú eru horfur á, að hagvöxtur nái sér ekki á strik í helstu iðnríkjum fyrr en seint á næsta ári eða jafnvel ekki fyrr en á árinu 1983. Þetta mun meðal annars hafa áhrif á markað fyrir ál og kísiljárn auk þess sem það mun hafa margvísleg áhrif á íslenska þjóðarbúskapinn. Í spá um útflutningsframleiðslu 1982 er þannig varla unnt að reikna með því, að álverksmiðjan starfi með fullum afköstum á næsta ári, þótt framleiðslan gæti orðið svipuð eða heldur meiri en á þessu ári. Álbirgðir hafa aukist á þessu ári og líklegt að þær vaxi enn á næsta ári.

Í þjóðhagsáætluninni var meðal annars gert ráð fyrir svipuðum loðnuafli á næsta ári og á þessu ári, enda þá útlit fyrir að unnt yrði að veiða þann kvóta, sem ákveðinn var í sumar, og að kvótinn á næsta ári yrði a. m. k. ekki minni. Síðustu mælingar á loðnustofninum hafa hins vegar kollvarpað þessum forsendum. Alger óvissa ríkir nú um loðnuveiðar á næsta ári. Er því einungis unnt að taka dæmi til þess að gefa hugmynd um afleiðingar af verulegum samdrætti loðnuveiða. Sé til dæmis miðað við að einungis verði veidd um 50 þúsund tonn af loðnu í vetur (samanborið við 150 þúsund á s. l. vetri), fyrst og fremst til frystingar og hrognatöku,

og aflinn á næstu haustvertíð verði aðeins helmingur af aflanum í haust eða um 250 þúsund tonn, þá jafngildir það 5% samdrætti sjávarafurðaframleiðslunnar í heild. Þessi minnkun loðnuveiða mundi sennilega með einum eða öðrum hætti leiða til aukinnar sóknar í aðra fiskstofna, fyrst og fremst þorsk, sem þá kæmi niður á annarri útgerð, ef takmarka á heildaraflann. Hér verður einnig að líta til þess, að karfi hefur nú um skeið verið ofveiddur að áliti fiskifræðinga og gæti því þurft að draga úr þeim veiðum. Þegar á allt þetta er litið, virðist nú líklegast, að sjávarafurðaframleiðslan dragist saman á næsta ári í stað þess að í þjóðhagsáætlun var reiknað með 2% aukningu. Sé tekið dæmi af 3—4% minni framleiðslu 1982 en 1981, þá mundi útflutningsframleiðslan í heild dragast saman um nálægt 1½% miðað við það sem áður var sagt um ál og kísiljárn. Í þjóðhagsáætlun var reiknað með rúmlega 4% vexti útflutningsframleiðslunnar. Í þessu dæmi yrðu útflutningstekjur því 5—6% minni en í fyrri áætlun eða um 500 milljónum króna minni. Þetta mundi vafalaust að einhverju leyti hafa þau áhrif, að innflutningur yrði minni en ella. Þó er ljóst, að á þessum breyttu forsendum stefnir í viðskiptahalla á næsta ári, einnig í ljósi þess að viðskiptahallinn á þessu ári verður talsvert meiri en áður var reiknað með. Þessi samdráttur útflutningsframleiðslunnar mundi einnig leiða til þess, að öðru óbreyttu, að þjóðarframleiðslan yrði minni en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

#### V. Framkvæmdasjóður — stofnlánasjóðir atvinnuveganna — húsnæðismálasjóðir.

Hér að framan hefur verið sýnt fram á hve fjáröflun til sjóðakerfisins er hæpin svo ekki sé dýpra tekið í árinna, og er raunar sýnilegt að allt stefnir í að ekki verði unnt að standa við skuldbindingar Framkvæmdasjóðs við atvinnuvegasjóðina eins og í ár og þaðan af síður lánveitingar úr húsnæðissjóðunum, einkum Byggingarsjóði ríkisins.

##### 1. Framkvæmdasjóður — lánveitingar til atvinnuvegasjóða o. fl.

Hér fylgir á eftir áætlun Framkvæmdasjóðs um fjáröflun og lánveitingar 1982. Þessari áætlun hefur nú verið breytt þannig að fjáröflun frá lífeyrissjóðum lækkar í 110 millj. kr. vegna ákvörðunar um að falla frá lögbindingu 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, en erlendar lántökur hækka aftur á móti um 60 millj. kr.

#### Áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1982.

Fjáröflun:	Millj. kr.
Eigið ráðstöfunarfé F. Í. ....	30
Lán frá innlendum bönkum (4%) ....	70
Lán frá lífeyrissjóðum ....	170
Erlend lán ....	164
	434

#### Lánveitingar Framkvæmdasjóðs 1982:

Stofnlánadeild landbúnaðarins ....	54
Fiskveiðasjóður ....	165
Iðnlánasjóður ....	85
Lánasjóður sveitarfélaga ....	55
Ferðamálasjóður ....	12



Verslunarlánasjóður .....	9
Stofnlánadeild samvinnufélaga .....	9
Landflutningasjóður .....	3
Útflutningslánasjóður .....	5
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum .....	10
Bein útlán Framkvæmdasjóðs .....	7
Framleiðsluráð landbúnaðarins .....	20
	434

## 2. Húsnæðismálasjóðir:

Byggingarsjóður ríkisins gerði áætlun í ágúst í sumar um fjárþörf til sjóðsins. **Hún var 47 millj. kr. hærrí en lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir.** Samt sem áður rúmast einungis eftirgreindar lánveitingar til nýbygginga innan ramma áætlunar húsnæðismálastjórnar.

1175 frumlán	62.9 millj. kr.
viðbótarlán	97.3 millj. kr.
	160.2 millj. kr.

Sjá skýrslu Húsnæðisstofnunar á fskj. VII.

Sé borin saman sú niðurskorna fjáröflun, sem er í lánsfjáráætlun, og tekið tillit til yfirdráttar skuldar hjá Seðlabankanum um áramót kemur eftirfarandi í ljós:

	Fjáröflun í raun		Hækkun
	nóv. 1981 m.kr.	Áætlun 1982 m.kr.	
Ríkissjóður .....	43.0	57.2	
Skyldusparnaður .....	2.4	25.0	
Lífeyrissjóðir .....	105.0	187.0	
Atvinnuvegasj. ....	24.7	52.4	
	175.1	331.6	89.5%

Fjáröflunin er skv. þessu fremur óraunsæ.

Vandi Byggingarsjóðs ríkisins er því þrenns konar:

- 1) Fjárþörf vegna skuldar við Seðlabanka Íslands í ársbyrjun 1982 .... 40.0 millj. kr.
- 2) Að áætlun um að fjármagnsinnstreymi standist sem gæti numið ..... 150.0 millj. kr.
- 3) Niðurskurður frá áætlun Húsnæðisstofnunar ..... 47.0 millj. kr.

Heildarvandi 237.0 millj. kr.

Litlar líkur eru á að þessi heildarvandi verði leystur, en það er nauðsynlegt til þess að unnt verði að standa við að lána einungis 1175 frumlán 1982 til íbúðabygginga á vegum einstaklinga.

Hér fer á eftir yfirlit um útlán Byggingarsjóðs ríkisins undanfarin ár, en hún sýnir glögg þann mikla samdrátt sem orðið hefur í veitingu lána til nýrra íbúðabygginga:

**Byggingarsjóður ríkisins.****Fjöldi íbúða vegna veittra lána árin 1978—1981.**

	1978	1979	1980	1981 (áætlað)
Nýbyggingar (1. hluti) .....	1883	1687	1665	1075
Eldri íbúðir .....	1897	2408	2044	2150
Íbúðir fyrir aldraða og öryrkja (konverteringar) .....	106	314	57	6
Viðbyggingar og endurbætur .....				105
Heilsuspillandi húsnæði .....	43	49	46	19
Einstaklingar með sérþarfir .....				71
Orkusparandi breytingar .....				104
Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar) .....	177	188	242	60
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar) ...	91	126	145	102
Verkamannabústaðir (konverteringar) .....	81	32	202	36
Framkvæmdaíbúðir (konverteringar) .....		50		
Samtals fjöldi íbúða	4 278	4 854	4 401	3 728

**Athugasemdir.**

**Nýbyggingar:** Fokheldar íbúðir 1. október til 30. september.

**Eldri íbúðir:** Umsóknir innkomnar 1. júlí til 30. júní.

**Íbúðir fyrir aldraða og öryrkja:** Auk þessara 6 íbúða á árinu 1981 eru í gangi samningar vegna 72 íbúða.

**Ýmsir framkvæmdaaðilar:** Auk þessara 60 íbúða á árinu 1981 eru í gangi samningar vegna 348 íbúða.

**Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga:** Auk þessara 102 íbúða eru í gangi samningar vegna 160 íbúða.

Það skal tekið fram, að Húsnæðisstofnun hefur ekki treyst sér til að láta fjárhags- og viðskiptanefnd í té neinar nýjar áætlanir um útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1982.

**VI. Þróun fjármunamyndunar.**

Fjármunamyndun í atvinnuvegum, stóriðju og orkuframkvæmdum dregst stórlega saman í ár og á næsta ári skv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, sem fylgja þessu frv. Sama er að segja um byggingar íbúðarhúsnæðis, fjárfesting í þeim hefur dregist saman ár eftir ár eða um 13.6% að magni til 1979—1981 að báðum árum meðtöldum. Á hinn bóginn er fjárfesting í opinberum byggingum talin hafa aukist á sama tíma um 24.6%, þ. e. a. s. árin 1980—82, skv. spám fjárfestingaráætlunar fyrir næsta ár.

Þessar staðreyndir segja sína sögu um stjórnarstefnuna í landinu. Virkjun við Hrauneyjafoss, stækkun álversins og járnblendiverksmiðju voru hafnar þegar ríkisstjórnin tók við. Þessar framkvæmdir drógust saman í ár um 3.2% og er spáð að þær dragist saman á næsta ári um 43.5% að magni til. Sömu sögu er að segja um hitaveituframkvæmdir. Þær jukust undanfarin ár, en dragast saman í ár um 3.7% og á næsta ári um 31.5% skv. spá fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Magn fjármunamyndunar í atvinnuvegunum er talið dragast saman um 8.1% í ár og aftur á næsta ári um 9.1%.

Framangreindar staðreyndir um þróun fjármunamyndunar í landinu koma fram á eftirfarandi yfirliti (uppl. úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarskýrslum):

**Magnbreytingar fjármunamyndunar % frá fyrra ári:**

	1978	1979	1980	Spá 1981	Spá 1982
Opinberar byggingar .....	- 10.9%	- 10.1%	+ 6.1%	+ 9.7%	+ 6.8%
Íbúðarhús .....	- 0.8%	- 5.0%	- 3.0%	- 5.0%	0
Stóriðja og stórvirkjanir .....	+ 2.4%	+ 12.9%	+ 20.0%	- 3.2%	- 43.5%
Hitaveitur .....		+ 2.6%	+ 17.7%	- 3.7%	- 31.5%
Atvinnuvegir alls .....	- 4.3%	0	+ 5.8%	- 8.1%	- 9.1%

**Lokaorð.**

Svo sem fram kemur í þessu nefndaráliti felur þetta frv. í sér óraunsæi í innlendri fjáröflun, stórauknar erlendar lántökur, m. a. til þess að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og atvinnuvega í góðæri.

Það einkennist af bráðabirgðaúrlausnum og frestun efnahagsvandamála sem hrannast upp. Sumt er látið reka hreinlega á reiðanum, svo sem fjáröflun til almenna húsnæðismálakerfisins sem augljóslega er í rúst, og fjármögnun atvinnuvegasjóðanna stefnt í fullkomna tvísýnu.

Alvarlegust er erlend skuldasöfnun samtímis stórfelldum samdrætti í framkvæmdum sem gætu staðið undir aukinni greiðslubyrði erlendra lána. Þessari stefnu frv. erum við andvígir.

Alþingi, 17. des. 1981.

Lárus Jónsson,  
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Kjartan Jóhannsson.

**Fylgiskjal I.**

**Samband almennra lífeyrissjóða.**

Ólafur Ragnar Grímsson  
Fjárhags- og viðskiptanefnd  
efri deild Alþingis.

Reykjavík, 30. nóvember 1981.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 25. nóvember s. l., er yður sent hér með ljósrit af bréfi, dags. 28. október s. l., til Ragnars Arnalds, fjármálaráðherra, þar sem mótmælt er áformum stjórnvalda, að hækka skyldukaup lífeyrissjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða úr 40% í 45% af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Auk þess er yður send starfsskýrsla SAL, sem lögð var fram á aðalfundi sambandsins 19. nóvember s. l. Í starfsskýrslunni koma fram upplýsingar um starfsemi sjóðanna á yfirstandandi ári og þátttöku þeirra í fjármögnun lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Með bestu kveðjum,  
Samband almennra lífeyrissjóða  
Hrafn Magnússon.

Hr. Ragnar Arnalds fjármálaráðherra  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 1981.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1982 er þess getið, að áformað sé að leita eftir hækkun láns hlutfalls lífeyrissjóðanna til opinberra þarfa, úr 40% af ráðstöfunarfé, svo sem nú er lögskilt, upp í 45%.

Samband almennra lífeyrissjóða vísar í bréf til yðar, dags. 6. maí 1980, þar sem mótmælt er mjög eindregið skyldukaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða.

Samband almennra lífeyrissjóða vill enn einu sinni lýsa yfir fyllstu andstöðu sinni við að lögbinda slíka meðferð á fjármagni lífeyrissjóðanna.

Meðaltalshámarkslán SAL-sjóðanna er nú í október almennt innan við 70 000 kr. á sjóðfélaga. Telja verður að hér sé um svo lága lánsfjárhæð að ræða, að frekari skyldukaup lífeyrissjóðanna lækki þetta hámarkslán enn meira. Auk þess er vert að geta þess, að lífeyrisgreiðslur SAL-sjóðanna aukast mun meira en almennar verðlagshækkningar og hefur slíkt að sjálfsgöðu í för með sér minni möguleika aðildarsjóða SAL að veita sjóðfélögum sínum viðunandi lífeyrissjóðslán.

Því hlýtur SAL að mótmæla sérstaklega áformum stjórnvalda, að hækka nú skyldukaupin úr 40% í 45% af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Virðingarfyllt  
Samband almennra lífeyrissjóða  
Hrafn Magnússon.

## Fylgiskjal II.

Fjárhags- og viðskiptanefndir  
efri og neðri deildar Alþingis.

12. nóvember 1981.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er sagt, að ráðgert sé að auka enn skyldu lífeyrissjóðanna til að afhenda ráðstöfunarfé sitt til opinberra þarfa úr 40% af ráðstöfunarfé í 45%. Af þessu tilefni vill framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands ítreka eftirfarandi:

Í ályktun sinni til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis, dags. 13. maí 1980, og umsögn um frumvarp til lánsfjárlaga, dags. 4. mars 1981, mótmælti framkvæmdastjórn Verslunarráðsins harðlega tillögum um lögboðna ráðstöfun fjár lífeyrissjóða. Var bent á, að hér ætti sér stað bein upptaka fjár, sem fæli í sér brot á 67. grein stjórnarskrárinnar. Var skorað á Alþingi að leiða ekki í lög slík afskipti af málefnum lífeyrissjóðanna. Þó að Alþingi hafi ekki sinnt áskorun ráðsins og annarra á síðastliðnum árum, hlýtur Verslunarráðið að ítreka hörð mótmæli sín gegn þessari valdbeitingu og skora á Alþingi enn á ný að fella frekar niður slík ákvæði úr lögum í stað þess að lögleiða auknar skerðingar á ráðstöfunarrétti lífeyrissjóðanna á eigin fé.

Með hliðsjón af almennum mannréttindum ætti öllum að vera ljóst, að þeim, sem standa að hinum einstöku lífeyrissjóðum, á að vera í sjálfsveld sett, hvernig þeir ráðstafa fjármagni því, sem þeir hafa til umráða. Kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum hins opinbera eiga að fara fram á frjálsum grundvelli, án valdbeitingar.

Þessu til viðbótar skal bent á það hér, að í þessum millifærslum milli lífeyrissjóða og fjármagnsskömmunarstofnana hins opinbera felst umtalsverður kostnaður, sem numið getur um 2—6%. Einnig er full þörf að mótmæla sérstaklega, að opinberir aðilar yfirbjóði ávöxtun-

arkjör á lánamarkaðnum og sníði atvinnulífinu jafnframt svo þróngan stakk afkomulega með verðmyndunarhöftum, rangri gengisskráningu og skattlagningu, að einkaaðilar eru mjög illa settir að keppa við opinbera aðila um lánsfé.

Með virðingu,  
Verslunarráð Íslands  
Árni Arnason,  
framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal III.

Landssamband lífeyrissjóða  
Suðurlandsbraut 6,  
Reykjavík.

26. okt. 1981.

#### **Ályktun.**

Í lánsfjáráætlun, sem núna liggur fyrir Alþingi, segir að áformað sé að leita eftir hækkun á kaupskyldu lífeyrissjóða hjá opinberum sjóðum og fjárfestingarsjóðum úr 40% í 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Landssamband lífeyrissjóða mótmælir þessum áformum og þykir þegar nóg að gert, og bendir í því sambandi á fyrri mótmæli sín. Með þessu er ætlunin að skerða enn frekar frjálsan ráðstöfunarrétt fólksins í lífeyrissjóðunum yfir fjármagni sjóðanna og mun það óhjákvæmilega koma niður á getu sjóðanna til þess að lána sjóðfélögum sínum (8,3% minni útlán). Ef hækka á framlag lífeyrissjóðanna í hvert sinn, sem fjár er vant í einhvern opinberan sjóð, endar það með því, að lífeyrissjóðirnir geta ekkert lánað sjóðfélögum sínum. Landssamband lífeyrissjóða hlýtur að mótmæla slíkri þróun.

Vakin skal athygli á því, að ýmsir lífeyrissjóðir hafa að undanfögnu keypt skuldabréf af opinberu sjóðunum fyrir meira en 40% af ráðstöfunarfé sínu, og ætti því að vera óþarfi að hækka hlutfallið frá því sem nú er.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að yfir 90% af lánveitingum lífeyrissjóðanna renna til kaupa eða viðhalds á íbúðum skv. könnun sem gerð hefur verið. Því er hér um tilfærslu að ræða, frá frjálsri ráðstöfun sjóðfélaga án skilyrða um tekjur eða fjölskyldustærð, til miðstýringar hins opinbera með ótal skilyrðum og mismun eftir stétt og tekjum. Fjármagnið fer í báðum tilfellum að meginhluta til íbúðarfjárfestingar og ekki er um aukningu á fjármagni til íbúðarframkvæmda að ræða.

Bent hefur verið á betri lánakjör á skuldabréfum hinna opinberu sjóða í samanburði við sjóðfélagalán lífeyrissjóðanna, og fullyrt að þetta muni bæta stöðu sjóðanna í framtíðinni. Þessu er til að svara, að eftir að lán lífeyrissjóðanna urðu almennt verðtryggð kemur þessi munur eingöngu fram í vaxtamun upp á 0,75%. Einnig má benda á að útlán flestra opinberra sjóða eru með lægri vöxtum en skuldabréfin, sem þeir selja, og er ekki vitað til að úttekt hafi farið fram á eignum þeirra og skuldum. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að skuldabréfa-kaup lífeyrissjóðanna ár hvert hafa ætíð verið verulega hærri en afborganir, vextir og verðbætur af fyrri skuldabréfum, en það þýðir, að aldrei hefur raunverulega verið um endurgreiðslu að ræða á lánsfé frá opinberu sjóðunum og vekur það óneitanlega nokkurn óhug.

## Fylgiskjal IV.

### **Breytingartillaga.**

Við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, samþykkt af aðilum ríkisstjórnarinnar, lögð fram í fjárhags- og viðskiptanefnd mánudaginn 14. des.

29. gr. frumvarpsins orðist svo (jafnframt verði núverandi 29. gr. frumvarpsins 30. gr. þess):

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem til þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr, er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Við upphaf ársins skulu lífeyrissjóðir skila fjármálaráðuneytinu áætlun um heildarráðstöfunarfé sitt á árinu og hvernig það skiptist á einstaka mánuði ársins. Áætluninni skulu fylgja ráðdagerðir lífeyrissjóðs um það, af hvaða aðilum þeir áforma að kaupa skuldabréf til að fullnægja kaupskyldu sinni skv. 1. mgr. Að því marki, sem óskir lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun um kaup lífeyrissjóða að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánasta samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

Engum fjárfestingarlánasjóði skv. 1. mgr. er heimilt að selja lífeyrissjóðum skuldabréf umfram þá heildarfjárhæð sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Þó skal slík sala heimil til þeirra lífeyrissjóða, sem þegar hafa fullnægt kaupskyldu sinni skv. 1. mgr. í samræmi við samkomulag eða úrskurð, sbr. 3. mgr.

Ráðherra skal ákveða lánstíma og lánskjör skuldabréfa, sem lífeyrissjóðir kaupa skv. þessari grein, með reglugerð. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið sérstaka ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma.

Í janúar ár hvert skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytinu skilgrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok hvers reikningsárs, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

## Fylgiskjal V.

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
efri og neðri deildar Alþingis.

Reykjavík, 15. desember 1981.

Samband almennra lífeyrissjóða hefur kannað uppkast 29. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Um uppkast þetta skal eftirfarandi tekið fram:

SAL fagnar því að ekki eru lengur uppi áform um aukningu á bindiskyldu í 45% og að í l. mgr. 29. gr. eru sömu ákvæði og verið hafa í eldri lánsfjárlögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um, að fjármálaráðuneytið hafi úrskurðarvald, af hvaða fjárfestingarlánasjóðum lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf. Eins og fram hefur komið, bæði í bréfum og viðtölum við fjármálaráðuneyti og fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis, telur SAL slíka bindingu óeðlilega og einungis til þess fallna að skapa óánægju með kaupskyldu lífeyrissjóðanna.

SAL telur æskilegt að í 3. mgr. verði notað sama orðalag og var í 2. gr. reglugerðar nr. 157 frá 4. febrúar 1980, þó með þeim breytingum, sem kveðið er á um í 4. mgr. frumvarpsdraganna.

SAL vill jafnframt mótmæla því orðalagi, sem kemur fram í 5. mgr. Telja verður að það orðalag upphefji algjörlega það, sem fram kemur í 1. mgr.

Enn fremur væri þessi mgr. óþörf, ef upp væri tekið það orðalag í 3. og 4. mgr., sem bent hefur verið á hér að framan, auk þess sem stjórnvöld hafa alla möguleika á stýringu fjármagnsins innan ramma lánsfjárlaga með fjármagnstilfærslum milli einstakra fjárfestingarlánasjóða.

Hvað snertir 6. og 7. mgr. frumvarpsdraganna hefur SAL engar sérstakar athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllst,  
Samband almennra lífeyrissjóða  
Gunnar S. Björnsson.

## Fylgiskjal VI.

### **Breytingartillaga.**

Við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1982. Frá Landssambandi lífeyrissjóða.

29. gr. frumvarpsins orðist svo (jafnframt verði núverandi 29. gr. frumvarpsins 30. gr. þess):

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt

lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Fyrir 16. jan. 1982 skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Skuldabréfakaup hvers mánaðar skulu vera í sem nánustu samræmi við ráðstöfunarfé það sem til fellur í mánuðinum.

Nú samrýmast heildar kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands ekki lánsfjáráætlun og skal þá ráðuneytið leita samkomulags við einstaka lífeyrissjóði um aðra kauptilhögun af framangreindum fjórum aðilum, þannig að skuldabréfakaupin verði í sem mestu samræmi við lánsfjáráætlun.

Ráðherra skal semja við samtök lífeyrissjóðanna um lánskjör skuldabréfa þeirra, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands, svo og skilgreiningu ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða.

Í janúar skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytingu skilgrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok reikningsárins, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína.

## Fylgiskjal VII.

### Húsnæðisstofnun ríkisins.

#### Byggingarsjóður ríkisins

#### Áætlun húsnæðismálastjórnar 1982 og lánsfjáráætlun 1982.

M. kr. Innstreymi	Húsnæðis- málastjórn	Lánsfjár- áætlun	Breyting í %
Ríkissjóður .....	84,8	57,2	-32,5
Skyldusparnaður (nettó) .....	20,0	25,0	+25,0
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	52,4	52,4	
Lífeyrissjóðir .....	212,0	187,0	-11,8
Afborganir, vextir og vísitala .....	149,0	149,0	
Tekjur tæknideildar .....	2,3	3,0	+30,4
Annað .....	0,5	0,5	
	521,0	474,1	-9,0
<b>Útstreymi</b>			
Rekstrarkostnaður .....	12,5	7,9	-36,8
Afborganir, vextir og vísitala .....	88,6	88,6	
Sjóðshækkun .....	20,0		-100,0
Annað .....	3,9	3,9	
Lánveitingar 1982 .....	396,0	373,7	-5,6
	521,0	474,1	-9,0



**Byggingarsjóður verkamanna**  
**Áætlun húsnæðismálastjórnar 1982 og lánsfjáráætlun 1982.**

M. kr. Innstreymi	Húsnæðismálastjórn	Lánsfjár- áætlun	Breyting í %
Framlag ríkissjóðs .....	111,3	111,3	
Framlag sveitarfélaga .....	28,4	22,8	-19,7
Afborganir, vextir og vísitala .....	25,3	25,4	+0,4
	165,0	159,5	-3,3
<b>Ústreymi</b>			
Rekstrarkostnaður .....	2,0	1,2	-40,0
Lánveitingar 1982 .....	336,0	268,3	-20,1
	338,0	269,5	-20,3
<b>Fjárvöntun líf.sj. í lánsfjáráætl. ....</b>	173,0	110,0	-36,4
<b>Lánveitingar 1982</b>			
Nýir verkamannabústaðir .....	234,0	176,3	-24,7
Leiguíbúðir sveitarfélaga .....	52,0	52,0	
Endursöluíbúðir .....	50,0	40,0	-20,0
	336,0	268,3	-20,1

**Byggingarsjóður ríkisins**  
**Áætlun húsnæðismálastjórnar 1982.**

12. ágúst 1981.

M. kr.	
<b>Innstreymi</b>	
Ríkissjóður .....	84,8
Syldusparnaður (nettó) .....	20,0
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	52,4
Lífeyrissjóðir .....	212,0
Afborganir, vextir og vísitala .....	149,0
Tekjur tæknideildar .....	2,3
Annað .....	0,5
	521,0
<b>Ústreymi</b>	
Rekstrarkostnaður .....	12,5
Afborganir, vextir og vísitala .....	88,6
Sjóðshækkun .....	20,0
Annað .....	3,9
Lánveitingar 1982 .....	396,0
	521,0

### Lánveitingar 1982

Nýbyggingar (1. + 2. + 3. hluti) .....	160,2
Eldri íbúðir .....	122,0
Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir .....	30,0
Viðbyggingar og endurbætur .....	15,0
Heilsuspillandi húsnæði .....	8,0
Einstaklingar með sérþarfir .....	2,5
Orkusparandi breytingar .....	18,0
Tækninýjungar og rannsóknir .....	2,0
Ýmsir framkvæmdaaðilar (framkvæmdalán) .....	24,7
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga .....	13,6

396,0

### Skýringar við áætlun húsnæðismálastjórnar 1982.

**Ríkissjóður:** Markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins eru fallnir niður. Í þessari áætlun er því framlag úr ríkissjóði afgangsstærð. Á árinu 1981 fær Byggingarsjóðurinn **43 m. kr.** samkvæmt fjárlögum. Síðan hefur verið samþykkt skerðing að fjárhæð **1,1 m. kr. á fjárlagatölunni.**

**Skyldusparnaður (nettó):** Hann varð **20,4 m. kr.** 1979, en aðeins **18,2 m. kr.** 1980. Hann hefur sætt mikilli gagnrýni á undanförunum árum, fólk hefur því tekið hann út hafi það átt kost á því. Með nýjum lögum um stofnunina, sem tóku gildi hinn 1. júlí 1980, er ávöxtun skyldusparnaðar miklu betri en áður. Þessi nýju kjör hafa verið auglýst, en búast má við að fólk verði lengi að átta sig á breytingunni. Fyrstu 6 mánuði ársins 1981 var skyldusparnaðurinn **negatívur um 13,8 m. kr.** Sambærileg tala fyrir árið 1980 var – **1,4 m. kr.** Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er hann áætlaður **33,6 m. kr.,** sem stenst ekki. Keyrsla frá veðdeild Landsbanka Íslands vegna júlímánaðar liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að hann fari að rétta úr kútnum og skili **10 m. kr. til 15 m. kr.** nettó á árinu 1981.

**Atvinnuleysistryggingarsjóður:** Samkvæmt lauslegri áætlun frá fjárlaga- og hagsýslustofnun verða keypt skuldabréf af Byggingarsjóðnum fyrir **52,4 m. kr.** Undanfarin ár hefur fjárlagatalan hverju sinni ekki komið öll á árinu. Fjárlagatalan fyrir 1981 er **36,4 m. kr.** Þetta er hækkun á milli ára um tæp 44%.

**Lífeyrissjóðir:** Á árinu 1981 eiga lífeyrissjóðirnir að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir **152,9 m. kr.** Á árinu 1981 er áætlað ráðstöfunarfé sjóðanna um **850 m. kr.** en um **1 180 m. kr.** 1982 samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Þetta er aukning um 38,8% og er gert ráð fyrir að skuldabréfakaupin á árinu 1982 hækki í sama hlutfalli milli ára. Rétt er að benda á það einu sinni enn, að þetta fjármagn er mjög dýrt. Þessi lán eru til 15 ára með 3,25% vöxtum og fullri verðtryggingu. Þetta fjármagn endurlánar Byggingarsjóðurinn síðan að meðaltali til 21 árs með 2% vöxtum og fullri verðtryggingu. **Þar sem markaðir tekjustofnar hafa verið felldir niður versnar staða Byggingarsjóðsins enn frekar.** Breytinga er því þörf fyrr en seinna.

**Afborganir, vextir og vísitala (inn):** Hér er gert ráð fyrir um 55,9% hækkun milli ára, áætlað um **95,6 m. kr.** 1981. Þessi tekjuliður skilaði um **60,8 m. kr.** 1980 og um **38,7 m. kr.** 1979.

**Rekstrarkostnaður:** Hann er áætlaður um **7 m. kr.** 1981. Hér er því gert ráð fyrir um 78,6% hækkun, sem stafar af fjölgun starfsfólks og væntanlegri tölvuvæðingu innan stofnunarinnar.

**Afborganir, vextir og vísitala (út):** Á árinu 1979 greiddi Byggingarsjóðurinn lífeyrissjóðunum um **10 m. kr.,** um **19 m. kr.** 1980 og áætlað um **47 m. kr.** 1981. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir að greiða lífeyrissjóðunum um **83,5 m. kr.** á fimm gjalddögum og er þá reiknað með 33%

verðbólgu frá 1. júlí 1981 til júniloka 1982, en það er sú hækkun sem lögð verður til grundvallar við gerð fjárlaga fyrir árið 1982. Greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætlaðar um **3,5 m. kr.** Einnig er gert ráð fyrir dráttarvöxtum að fjárhæð **1,6 m. kr.**

**Sjóðshækkun:** Í byrjun janúar 1983 verður Byggingarsjóðurinn að greiða lífeyrissjóðunum verulega fjárhæð í afborganir, vexti og vísitöluálag. Þar sem lítið fjármagn berst Byggingarsjóði í byrjun árs er hér gert ráð fyrir sjóði **upp** í væntanlegar greiðslur. Gera má ráð fyrir að þessar greiðslur í janúar og byrjun febrúar 1983 nemi **70 m. kr.** til **80 m. kr.**

**Lánveitingar 1982:** Útlán 1981 eru **300 m. kr.** samkvæmt lánsfjáráætlun, hækkun milli ára 32 %. Húsnæðismálastjórn hafði gert ráð fyrir **307 m. kr.** í útlán 1981, sem félagsmálaráðherra staðfesti með fyrirvara. Ef tekið er mið af þeirri áætlun er hækkun milli ára 29%.

**Nýbyggingar (1. + 2. + 3. hluti):** Gert er ráð fyrir að afgreiða frumlán á árinu 1982 til þeirra, sem gera fokhelt á tímabilinu 1. október 1981 til 30. september 1982. Lánin komi til greiðslu þremur mánuðum frá fokheldismánuði og síðan líði 6 mánuðir milli lánshluta (þrískipt). Samkvæmt lögum og reglugerðum hækka lánin ársfjórðungslega í samræmi við hækkun staðalíbúða (2. og 3. hluti hækka ekki). Á árinu 1981 nema lánin um 17,4% af verði staðalíbúða án tillits til hvenær lánin koma til útborgunar. Hér verður gert ráð fyrir sama hlutfalli. Reiknað er með 33% verðbólgu, það er að meðaltali um 7,39% hækkun í hverjum ársfjórðungi. Fundið er meðallán í hverjum ársfjórðungi og er þá tekið mið af skiptingu á fjölskyldustærðum samkvæmt úrtaki hjá stofnuninni.

Í október/desember 1981 er reiknað með 200 fokheldum íbúðum. Frumlán (1. hluti) vegna þessa ársfjórðungs nema því **9,3 m. kr.**, sbr. ofangreindar forsendur.

Í janúar/mars 1982 er reiknað með 250 fokheldum íbúðum, frumlán að fjárhæð **12,5 m. kr.**

Í apríl/júní 1982 er reiknað með 175 fokheldum íbúðum, frumlán að fjárhæð **9,4 m. kr.**

Í júlí/september 1982 er reiknað með 550 fokheldum íbúðum, frumlán að fjárhæð **31,7 m. kr.**

Samtals nema því frumlán til greiðslu á árinu 1982 **62,9 m. kr.** vegna 1 175 fokheldra íbúða á tímabilinu 1. október 1981 til 30. september 1982. Þetta er svipaður fjöldi íbúða og gert er ráð fyrir að afgreiða á árinu 1981. Á árinu 1980 voru veitt frumlán vegna 1 665 fokheldra íbúða á tímabilinu 1. október 1979 til 30. september 1980. Á árinu 1979 voru veitt frumlán vegna 1 687 fokheldra íbúða á tímabilinu 1. október 1978 til 30. september 1979. Í þessum tölum eru ekki taldar með íbúðir sem framkvæmdalán er veitt til.

Viðbótarlán (2. og 3. hluti) á árinu 1982 nema um **97,3 m. kr.** Samtals nema því frumlán og viðbótarlán á árinu 1982 **160,2 m. kr.**

**Eldri íbúðir:** Gert er ráð fyrir að þeir, sem sóttu um lán til kaupa á eldri íbúðum á tímabilinu 1. apríl 1981 til 30. júní 1981, fái sín lán afgreidd fyrir n. k. áramót. Á árinu 1982 komi til greiðslu lán til þeirra, sem sækja um á tímabilinu 1. júlí 1981 og til 30. júní 1982, áætluð lán vegna 2 200 íbúða, sem er áætlað um 100 íbúða aukning frá árinu 1981. Á árinu 1980 voru veitt lán vegna 2 044 íbúða og á árinu 1979 voru veitt lán vegna 2 408 íbúða. Lánin hækka ársfjórðungslega í samræmi við hækkun staðalíbúða. Reiknað er með 33% verðbólgu. Þeir, sem kaupa sína fyrstu íbúð, fá að jafnaði hámarkslán, það er helmingur af nýbyggingarláni, og þeir, sem eru að skipta, fá að hámarki 25% til 30% af nýbyggingarláni.

Lán vegna 500 íbúða, umsóknir innkomnar 1. júlí 1981 til 30. september 1981, meðallán per íbúð 49 000 kr., samtals **24,5 m. kr.**

Lán vegna 360 íbúða, umsóknir innkomnar 1. október 1981 til 31. desember 1981, meðallán per íbúð 53 000 kr., samtals **19,1 m. kr.**

Lán vegna 850 íbúða, umsóknir innkomnar 1. janúar 1982 til 31. mars 1982, meðallán per íbúð 57 000 kr., samtals **48,5 m. kr.**

Lán vegna 490 íbúða, umsóknir innkomnar 1. apríl 1982 til 30. júní 1982, meðallán per íbúð 61 000 kr., samtals **29,9 m. kr.**

Samtals nema þessi lán **122 m. kr.** vegna 2 200 íbúða.

**Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir:** Samkvæmt samningum, áætluðum viðbótarlánum vegna hækkunar á lánsrétti og áætluðum lokauppgjörum, hefur þegar verið ráðstafað um **2,5 m. kr.** Fram að gildistöku nýju laganna um stofnunina var aðeins lánað til byggingar íbúða fyrir aldraða. Fjöldinn allur af umsóknum um þessi lán frá sveitarfélögum og félagasamtökum liggur hjá stofnuninni. Á árinu 1981 er aðeins gert ráð fyrir **10 m. kr.** í þennan lánaflokk. Nú er reiknað með að þetta fari af stað af fullum krafti.

**Viðbyggingar og endurbætur:** Fram að gildistöku nýju laganna um stofnunina var lánað til viðbygginga, en lán til endurbóta voru aðeins veitt ellilífeyrisþegum og öryrkjum. Ljóst er að ásókn í lán til meiri háttar endurbóta verður mikil. Stofnunin hefur farið hægt af stað með þennan lánaflokk, en reiknað er með að þessi lánaflokkur verði kominn í fullan gang á árinu 1982. Á árinu 1981 er aðeins gert ráð fyrir **5 m. kr.** í þennan lánaflokk.

**Heilsuspillandi húsnæði:** Fram að gildistöku nýju laganna var aðeins lánað til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Nú er sveitarfélögunum einnig lánað til að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir **5 m. kr.** í þennan lánaflokk.

**Einstaklingar með sérþarfir:** Á árinu 1981 er gert ráð fyrir **2 m. kr.** í þennan lánaflokk. Þessi lán má veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Þau mega nema allt að 80% af endurbótakostnaði. Ásókn í þessi lán hefur ekki verið mikil.

**Orkusparandi breytingar:** Þessi lánaflokkur virðist ætla að verða mjög vinsæll. Stofnunin hefur farið hægt af stað með þessi lán. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir **12 m. kr.** til þessara framkvæmda.

**Tækninýjungar og rannsóknir:** Á árinu 1981 eru áætlaðar **2 m. kr.** í þennan lánaflokk.

**Ýmsir framkvæmdaaðilar:** Samkvæmt þegar gerðum samningum, áætluðum viðbótarlánnum vegna hækkunar á lánsrétti og lokauppgjörum hefur þegar verið ráðstafað um **17,2 m. kr.** á árinu 1982. Einnig er gert ráð fyrir nýjum framkvæmdalánnum vegna 150 íbúða, lán pr. íbúð 160 000 kr., 70% til útborgunar á 18 mánuðum frá og með maí 1982, til úrborgunar 1982 koma **7,5 m. kr.**, samtals því **24,7 m. kr.** á árinu 1982. Í maí 1981 voru samþykkt framkvæmdalán vegna 227 íbúða til greiðslu á 12 til 24 mánuðum.

**Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga:** Með nýju lögunum um stofnunina verður lánað til byggingar leiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar hafði húsnæðismálastjórn gengið frá samningum og lánsloforðum til margra sveitarfélaga um lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir gildistöku nýju laganna. Samkvæmt þegar gerðum samningum, áætluðum viðbótarlánnum og lokauppgjörum, en lánað er allt að 80% af kostnaðarverði íbúðanna, hefur þegar verið ráðstafað um **13,6 m. kr.** á árinu 1982.